



# Fjölmenningarstefna Þingeyjarsveitar



## Leiðarljós:

Allir íbúar sveitarfélagsins skulu njóta fjölbreytts mannlífs og menningar þar sem samkennd, jafnrétti, víðsýni og gagnkvæm virðing einkennir samskipti fólks. Starfsmenn Skútustaðahrepps skulu ávallt leitast við að bjóða öllum íbúum sveitarfélagsins sömu þjónustu óháð þjóðerni þeirra og uppruna. Stofnanir sveitarfélagsins geri ráð fyrir ólíkum forsendum einstaklinga og komi til móts við sérstakar þarfir þeirra þannig að þeir geti verið virkir þátttakendur.

Óheimilt er að mismuna fólki vegna aldurs, kyns, uppruna, ætternis, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, fötlunar, heilsufars, kynhneigðar eða þjóðernis.

Aðgerðaáætlun skal yfirfarin og endurskoðuð á vormisseri árlega.



# Þjónusta sveitarfélagsins skal vera öllum aðgengileg

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Bjóða upp á <i>google translate</i> þýðingu á nokkur valin tungumál á heimasíðu sveitarfélagsins	Sveitarstjóri	September 2021
Útbúa skjal sem heitir Velkomin í Þingeyjarsveit og birta á heimasíðu. Þar má finna helstu upplýsingar um samfélagið, fjölmennningarfulltrúa og stjórnsýsluna. Skjalið skal þýtt á ensku og pólsku	Sveitarstjóri og fjölmennningarfulltrúi	September 2021

Sveitarfélagið beitir sér fyrir að halda viðburði með áherslu á fjölmenningu til að bjóða nýja íbúa velkomna, t.d fjölmeningardagur eða ferð með leiðsögn um svæðið. Þetta verður unnið í samstarfi við ferðapjónustufyrirtæki, önnur fyrirtæki og félagasamtök	Fjölmenningsfulltrúi og félags- og menningarmálanefnd	Janúar 2022
Sveitarfélagið taki ákvörðun um hvernig tryggja skuli aðgengi að vandaðri túlkapjónustu. Tryggt að börn séu ekki í túlkahlutverki. Fjármagn verði tryggt fyrir þjónustunni	Sveitarstjóri og fræðslunefnd	Janúar 2022
Það ætti að vera markmið þeirra sem koma að stjórn sveitarfélagsins að hvetja fólk af ólíkum þjóðernum til að starfa innan stjórnsýslu þess	Kjörnir fulltrúar	Þegar við á
Kjörstjórn auglýsi framkvæmd kosninga á fleiri tungumálum	Sveitarstjórn og kjörstjórn	Þegar við á
Starfsfólk sveitarfélagsins fái fjölmenningsfræðslu og upplýsingar um stöðu/fjölda íbúa af erlendum uppruna	Sveitarstjóri og fjölmenningsfulltrúi	Á hverju ári
Unnið verður að því að kynna starfsemi Félagsþjónustu Norðurþings sem sveitarfélagið hefur þjónustusamning við fyrir íbúum Þingeyjarsveitar og auka sýnileika hennar á svæðinu	Fjölmenningsfulltrúi og sveitarstjóri	Á hverju ári



# Gott mannlíf

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Skapaðar verði aðstæður og hvatt til tengslamyndunar nýrra íbúa og þeirra sem fyrir eru. Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að auglýsa viðburði á sínum vegum á fleiri tungumálum og bjóða nýja íbúa velkomna í sínar raðir	Íbúar sveitarfélagsins og sveitarstjóri/fjölmenningarfulltrúi	Þegar við á
Þjónusta íþróttamiðstöðva taki í auknum mæli mið af þörfum nýrra íbúa. Tímatöflur séu aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins og kynntar á fjölbreyttan hátt	Forstöðumenn	Þegar við á
Þjónusta bókasafna taki mið af þörfum nýrra íbúa og kynni þjónustu sína og möguleika á bókaskiptum og bókum á öðrum tungumálum	Bókaverðir og fjölmenningarfulltrúi	September 2021
Nýjum íbúum sé við fyrsta tækifæri gerð grein fyrir möguleikum þeirra til að læra íslensku. Sveitarfélagið styður við íslenskukennslu fyrir útlendinga á svæðingu með samstarfi við fræðsluaðila t.d með því að leggja til húsnæði. Starfsmönnum sveitarfélagsins skal gert kleift að sækja íslenskunámskeið	Sveitarstjóri og fjölmenningarfulltrúi	Janúar 2022



# Skólamál

Aðgerð	Ábyrgðaraðili	Tímamörk
Leik- og grunnskólar í Þingeyjarsveit skulu í samvinnu móta verkferla og fara eftir þeim við móttöku nýrra nemenda	Fjölmenningarfulltrúi, skólastjórar og fræðslunefnd	Maí 2022
Leik- og grunnskólar skulu leggja áherslu á að kenna erlendum börnum íslensku, en jafnframt hvetja foreldra til að kenna þeim móðurmálið. Skólarnir skapi vettvang í samvinnu við foreldra til að halda utan um móðurmálskennslu	Skólastjórar og fræðslunefnd	Er í gangi
Lögð verði áhersla á samskipti heimilis og skóla og tryggt að foreldrar fái nauðsynlegar upplýsingar og öðlist skilning á skólstarfinu og námi barna sinna ásamt tólmstunda- og íþróttastarfi. Grunn- og leikskólar vinni í sameiningu kynningarefni með því helsta sem varðar skólagöngu barnsins	Skólastjórnendur og fjölmenningarfulltrúi	Maí 2022
Markviss fjölmenningarfræðsla fari fram í skólunum	Skólastjórar og fjölmenningarfulltrúi	Á hverju ári





